

naudugum, heldur verði hver maður látinn ráða því sjálfur, hvort hann vilji bæta nokkru.

1858.
3. nóvbr.

Dýralækníngarráðið í Kaupmannahöfn, 6. október 1858.

H. Bagge,

nú forseti.

**29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í 5. nóvbr.
vesturumdæminu um verzlun lausakaupmanna.**

Með þessu voru bréfi sendum vèr yður, herra amtmaður, eptirrit af bréfi Fr. Hillebrandts, íslenzks kaupmanns og eiganda verzlunarstaðarins á Reykjavíri, er hann kvartar um, að hið fyrri sumar og enn þetta sumar hafi lögbönnuð lausaverzlun rekin verið á Steingrímsfirði, er liggur skammt frá Reykjavíri, og hafi valdsmaður látið slíka lögleysu sig engu skipta. Fyrir því leggjum vèr á við yður að láta rannsaka málið, og skyldi umkvörtun þessi reynast á rökum byggð, þá verði þèr að setja duglega ofaní við sýslumanniinn og áminna hann um að gæta betur embættisskyldu sinnar framvegis.

Vèr vonum, að þèr látið oss vita afdrif þessa máls svo skjótt sem verður.

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um fjárkláðann. 8. nóvbr.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, skýrt oss, í bréfi yðru 13. október um fjárkláðann í suðurumdæminu, frá heilbrigðisástandum sauðfjárins í Rángárvallasýslu og hversu sýslubúar sé mótfallnir lækningatilraunum. Vèr viljum enn að nýju, líkt og vèr höfum áður ritað yður í bréfi voru 3. þ. m., mælast til þess, að þèr leitizt við með ráðum þeim, er þèr eigið vald á, og þó einkum með aðstoð hreppsnefndanna í Rángárvallasýslu, að koma því til leiðar, að lækningar sé reyndar og viðhafðar sem dýralækníngarráðið hefir fyrir sagt, að þèr einnig